

Inngangur

Leiðbeiningarnar eru í tengslum við vinnulýsingu; Innflutningur dýraafurða frá þriðju ríkjum ([VLY-034](#)) og fjalla um verklag við endurinnflutning og stýrðan ákvörðunarstað við innflutning á dýraafurðum frá 3ju ríkjum.

Allt eftirlit með dýraafurðum, öðrum en lagarafurðum, skal framkvæma undir virku eftirliti dýralæknis.

Endurinnflutningur frá 3ja ríki

Afurð frá EES sem er vísað frá af þriðja landi og endursend, telst ekki lengur standast kröfur EES, en innflutningur er heimilaður með ákveðnum skilyrðum. Við endurinnflutning dýrafurða skal fara fram skjala-, auðkenna- og heilnæmisefirlit eins og lýst er í [LBE-061](#). Auk þess, skal fylgja þessum leiðbeiningum og styðjast við Gátlista- endurinnflutningur/ stýrður ákvörðunarstaður ([GAT-010](#)).

Gerð er krafa um að sendingunni fylgi eftirfarnandi skjöl:

- CVED ([LBE-027](#), ath. sérstaklega lið 33)
- Vörureikningur (kreditreikningur)
- Skriflegar ástæður fyrir höfnun vörunnar.
- Vottorð um enga meðhöndlun vöru (Non manipulation) frá yfirvaldi 3ja ríkisins, þar sem ábyrgst er:
 - Að skilyrði við geymslu og flutning hafi verið fullnægjandi.
 - Að afurðirnar hafi ekki verið meðhöndlaðar.
- Ef um innsiglaða gáma er að ræða: Vottorð um enga meðhöndlun vöru (Non manipulation) frá flutningsaðila, þar sem ábyrgst er:
 - Að innihaldið hafi ekki verið affermt eða meðhöndlað á nokkurn hátt.
- Frumrit af heilbrigðisvottorði, eða afrit staðfest af eftirlitsaðila sem hefur skoðað vottorðið.

Afurðirnar skulu fluttar í vatnsþéttum flutningstækjum, auðkenndum og innsigluðum af eftirlitsaðila. Matvælastofnun skal gera lögbæru yfirvaldi þess ríkis sem afurðirnar eiga að fara til viðvart í gegnum TRACES.

Stýrður ákvörðunarstaður

Þegar flytja á inn dýraafurð á stýrðan ákvörðunarstað, er varan ekki í fríu flæði, heldur er um að ræða flutning frá landamærastöð yfir í vinnlustöð undir eftirliti með eftirfarandi skilyrðum:

- a) sendingarnar skal flytja undir eftirliti Matvælastofnunar frá viðkomandi landamærastöð á komustað til starfsstöðvar á viðtökustað í þéttum ökutækjum eða gámum sem Matvæla-stofnun hefur innsiglað. Afurðirnar skulu vera áfram undir tollaefirliti þar til þær koma á viðtökustað ásamt CVED fyrir vörunni, þar sem tilgreind er heimiluð notkun og ef við á, fyrirhuguð vinnsluáferð;
- b) opinberi dýralæknirinn á viðkomandi landamærastöð skal tilkynna dýraheilbrigðisyfirvöldum starfsstöðvar á viðtökustað sendingar um uppruna- og viðtökustað afurðarinnar í gegnum TRACES;
- c) opinberi dýralæknirinn á viðtökustað skal innan 15 daga senda tilkynningu um komu afurða til opinbera dýralæknisins á þeirri landamærastöð sem tilkynnti honum um sendinguna. Hann skal annast reglubundið eftirlit til að fullvissa sig um að afurðirnar séu komnar í viðkomandi starfsstöð á viðtökustað, einkum með því að athuga innflutningsskýrslur.

- d) Ef sýnt þykir að afurðir sem fluttar voru inn og senda átti til viðurkenndrar starfsstöðvar hafi ekki borist á viðtökustað skal Matvælastofnun beita þvingunarúrræðum samkvæmt gildandi reglugerð gagnvart þeim aðila sem er ábyrgur fyrir farminum.

Reglur um stýrðan ákvörðunarstað eiga við eftirfarandi aðstæður:

- Ef afurðirnar eiga að fara til EES-ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur eru í gildi samkvæmt löggjöf EES.
- Ef tekin hafa verið sýni en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar flutningstækið fer frá viðkomandi landamærastöð.
- Ef innflutningur hefur verið leyfður í sérstökum tilgangi (samkvæmt löggjöf EES).

Í öllum tilfellum ber að senda viðbótarupplýsingar í gegnum TRACES til lögbærra yfirvalda á ákvörðunarstað.

Þegar afurðir eru fluttar til annars EES-ríkis en viðtökuríkisins skulu EES-ríkin sjá til þess að allar ráðstafanir séu gerðar til þess að viðkomandi sending komist til fyrirhugaðs viðtökuríkis.

Ef senda á afurðir til stýrðs ákvörðunarstaðar eða annars EES-ríkis skal fara fram skjala-, auðkenna- og heilnæmisefirlit eins og lýst er í [LBE-061](#), einkum til að sannprófa að afurðirnar samsvari reglum viðtökustaðar. Auk þess, skal fylgja þessum leiðbeiningum og styðjast við Gátlista- endurinnflutningur/ stýrður ákvörðunarstaður ([GAT-010](#)).

Heimildir

Reglugerð nr. 1044/2011 um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES.